

**Ed.**

## **808. Frumvarp til laga**

**um Austurveg.**

(Eftir 3. umr. i Nd.)

**1. gr.**

Nýjan veg skal leggja af Suðurlandsbraut hjá Lækjarbotnum um svo nefnd Prengsli, um Lambafells- og Eldborgarhraun ofan við Hjalla, niður í Ölfus hjá Purá um Ölfusmýrar að Selfossi.

Gagngerðar endurbætur skal gera á núverandi veki frá Reykjavík að Lækjarbotnum.

**2. gr.**

Vegagerð alla samkvæmt 1. gr. skal miða við, að tryggðar verði sem hagkvæmast og með mestu öryggi samgöngur milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins. Skal þess sérstaklega gætt um legu vegarins og gerð, að hann verjist sem bezt snjó.

**3. gr.**

Veginn skal fullgera með slitlagi úr steinsteypu.

**4. gr.**

Skal fyrst leggja kaflann frá vegamótum núverandi Suðurlandsbrautar í miðju Svínahrauni um Prengsli að vegamótum Selvogsvegar hjá Purá í Ölfusi.

Skal kafli þessi fyrst í stað gerður sem malarvegur.

**5. gr.**

Skal miða framkvæmdir við, að vegurinn verði allur fullgerður á næstu 7 árum, enda verði nægilegt vinnuafl fáanlegt svo og stórvirkar vinnuvélar.

**6. gr.**

Til framkvæmda samkvæmt lögum þessum heimilast ríkisstjórninni að taka lán allt að 20 millj. kr.

**7. gr.**

Vegur þessi skal vera þjóðvegur og nefnast Austurvegur.

**8. gr.**

Núverandi þjóðvegur frá Svínahrauni neðanverðu og austur yfir Hellisheiði skal numinn úr tölu þjóðvega, þegar tilsvarandi kafli Austurvegar er fullger.

**9. gr.**

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 25 23. júní 1932, um nýjan veg frá Lækjarbotnum austur í Ölfus.

**10. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.